

# Fundargerð 78. stjórnarfundar

## Vatns- og fráveitufélags Íslands, VAFRÍ

**Haldinn:** rafrænt á Teams

**Tími:** 12.4.2023 14:30

**Viðstaddir:** Hlöðver Stefán Þorgeirsson (HSP), Hrund Ó. Andradóttir (HÓA), Sigrún Tómasdóttir (ST). Sigrún þurfti að fara af fundi klukkan 15:00.

**Fjarstaddur:** Baldur Dýrfjörð (BD)

### Dagskrá:

**1. Fundargerð 77. stjórnarfundar**

Afgreiðslu frestað.

**2. Undirbúningur ársfundar**

Aðalfundur Vatns- og fráveitufélagsins (VAFRÍ) ásamt heiðursdagskrá tileinkaðri Jónasi Elíassyni

### Tillaga að fyrsta fundarboði til félagsfólks

**Komið þið sæl ágætu félagar í VAFRÍ**

Samkvæmt [lögum félagsins](#) ber að halda aðalfund þess fyrir lok apríl ár hvert. Boða skal fundinn með a.m.k. viku fyrirvara.

**Í samræmi við ofanritað boðar stjórn VAFRÍ til aðalfundar fimmtudaginn 27. apríl n.k. kl.**

**14:00 og er dagskrá í samræmi við lög félagsins svohljóðandi:**

1. Skýrsla formanns.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins.
3. Kosning stjórnar.
4. Kosning skoðunarmanns til eins árs í senn.
5. Ákvörðun félagsgjalda.
6. Önnur mál.

Engar tillögur að lagabreytingum hafa borist stjórn.

Við hvetjum áhugasama féлага til að íhuga stjórnarframboð. Nánar er fjallað um fyrirkomulag stjórnarkjörs í lögum félagsins.

Aðalfundurinn verður staðfundur og verður staðsetning tilkynnt síðar. Ekki verður boðið upp á þátttöku fjarstaddra í aðalfundarstörfum.

Í kjölfar aðalfundarstarfa tekur við **heiðursdagskrá tileinkuð Jónasi Elíassyni heitnum.**

Erindin og flytjendur verða kynnt nánar í tilkynningum og á miðlum félagsins við fyrsta tækifæri.

Við munum gera okkar besta til að taka upp fræðsluerindin og deila þeim á miðlum félagsins í kjölfar fundar, svo þau sem eiga ekki heimangengt geti notið þeirra.

Fyrir hönd stjórnar Vatns- og fráveitufélags Íslands,  
Hlöðver Stefán Þorgeirsson, formaður.

Hrund tekur að sér að kanna hvort hægt sé að bóka sal í Háskóla Íslands. Ef það tekst ekki fyrir vikulok þá kanna Sigrún og Hlöðver hvort ráðstefnusalur Orkuveitu Reykjavíkur sé laus.

Hrund fær staðfest fyrir lok vikunnar hvort þriðja fræðsluerindið fyrir aðalfundinn sé fast í hendi.

Hlöðver býr til facebook viðburð fyrir aðalfundinn.

Hlöðver sendir út aðalfundarboð með tölvupósti á félaga, og uppfært boð þegar endanleg fræðsludagskrá liggur fyrir.

Hrund kannar hvaða möguleikar séu í boði varðandi veitingar í kjölfar aðalfundar, og upplýsir stjórnarmeðlimi svo þau geti skipt á milli sín verkum í undirbúningi fundarins.

### **3. Önnur mál**

Hrund hefur innheimtu félagsgjalda í kjölfar auglýsingar aðalfundar.

Fundi var slitið klukkan 15:05. Fundarritari: Hlöðver Stefán Þorgeirsson, [hlovers@veitur.is](mailto:hlovers@veitur.is)